

6. fundur Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 21. júlí 2015 og hófst hann kl. 09:00

Fundinn sátu:

Jón Hrói Finnsson formaður, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu, Jóhannes Ingibjartsson aðalmaður og Ólafur Guðmundsson aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Laufey Jónsdóttir, verkefnisstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1410165 - Dalbraut 6 - Áframhaldandi þarfagreining og umræður um fjárhagsáætlun

Eftir er að vinna hönnunaráætlun áður en farið er út í að vinna kostnaðaráætlun. Þó þarf að vinna grófa kostnaðaráætlun sem snýst um að gera breytingar á húsnæðinu. Lögð var fram hugmynd að breytingum á húsnæðinu. Unnin verður fyrsta hugmynd að kostnaðaráætlun út frá þeirri teikningu. Starfsmönnum Akraneskaupstaðar falið það verkefni. Áfram var unnið að þarfagreiningu um innri starfsemi í húsnæðinu. Í greinargerð verða kynntir tveir rekstrarmöguleikar með kostum og ókostum. Rætt var um kostnaðarliði í rekstraráætlun.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.

Jóhannes Ingibjartsson
Ólafur Guðmundsson
Laufey Jónsdóttir
Hildur Bjarnadóttir